


Tjarnará 1997

Tumi Tómasson

Hólum, maí 1998

VMST-N/98010



Veiðimálastofnun
Norðurlandsdeild

Hólum í Hjaltadal
551 Saudárkrókur
Sími: 453 6599
Fax: 453 6694

Tjarnará 1997

Inngangur

Seiðastofnar Tjarnarár voru kannaðir með rafveiðum 9 sinnum á árunum 1985-96, en áður höfðu seiðastofnar árinna verið kannaðir sumarið 1978. Veiði hefur verið mjög misjöfn og almennt fremur rýr. Ljóst var að nýting uppeldisskilyrða fyrir lax voru í flestum árum ekki fullnægjandi, einkum í neðri hluta árinna þar sem uppeldisskilyrði eru hvað best. Jafnframt má nýta uppeldisskilyrði á ólaxgengum hluta Katadalsár.

Til að reyna að auka nýtingu uppeldisskilyrða hefur veiðialagi verið stillt mjög í hof og árin 1987 og 1996 var áin alfriðuð fyrir veiði. Þessar aðgerðir virðast ekki hafa skilað árangri og því var ákveðið að fara út í seiðasleppingar til að bæta nýtingu uppeldisskilyrða og þar með laxgengd og veiðina í áni. Forsendur þessara aðgerða voru greindar og lagðar fram í skýrslu til veiðifélagsins árið 1997.

Í upphafi september 1996 var sleppt í ána um 8000 laxaseiðum af Miðfjarðarárstofni. Seiðin voru óflokkuð og misstór, frá 7-11 cm að lengd. Mörg þeirra voru með útstæðan neðri kjálka, enda höfðu þau verið í sverti í eldisstöðinni í nokkurn tíma þegar þeim var sleppt. Það, ásamt sleppitímanum, olli nokkurri óvissu um hugsanlegan árangur sleppingarinnar. Afkoma eldisseiða og útbreiðsla og þéttleiki seiða úr náttúruklaki var könnuð með rafveiðum 16/7 1997.

Ástand seiðastofna

Rafveitt var á sjö stöðum og voru flestir staðirnir þeir sömu og yfirleitt er rafveitt á (staðir 2,3,4 og 6). Við Þorgrímsstaði var rafveitt um 1 km frammar en venja er til, þar sem Ásbjörn bóndi hafði orðið var við legna stórlaxa í áni haustið 1995. Þá var einnig veitt á nýjum stað, um 300 m fyrir neðan efri brúna á Tjarnará og loks var rafveitt á ólaxgenga

hluta Katadalsár, við Geststóftir, um 2,5 km fyrir ofan ármótin. Rafveiðistaðirnir eru merktir inn á yfirlitskort af ánni (Mynd 1). Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflu 1 og Myndum 2 og 3.

Merki um hrygningu haustið 1995 (klak 1996) fundust á tveimur stöðum. Mikið fannst af 1+ seiðum á veiðistað 2a, fyrir neðan fremri brúna. Þar hefur greinilega tekist hrygning haustið 1995. Ekki er að vænta að seiði úr þeirri hrygningu dreifist sem neinu nemi niður ána, heldur munu þau smám saman nema land upp ána. Ólíklegt er þó að þeirra verði vart fram við Þorgrímsstaði fyrr en sumarið 1999, þá sem 3+. Nú eru hins vegar engin laxaseiði á því svæði. Bleikja var ríkjandi í veiðinni við Kofanes (staður 2) og á fremsta veiðistaðnum veiddist einnig einungis bleikja og voru stærstu fiskarnir (16-19 cm) allt kynþroska staðbundnar bleikjur.

Laxaseiði úr 1+ árganginum fundust einnig á brotinu fyrir neðan Stórhólshyllinn, en klak úr þessum árgangi virðist ekki hafa komist á legg neðar í ánni.

Seiði úr klaki 1995 (2+) fundust fyrir neðan Stórhólshyllinn (staður 3), en þar voru þau blönduð eldisseiðum úr sleppingu 1996, sem höfðu gengið upp ána. Þar fyrir neðan voru sleppiseiði ríkjandi á öllum rafveiðistöðunum, en þó í minna magni en búist hafði verið við. Stærstu seiðin úr sleppingunni 1996 sem veiddust í Katadalsá voru björt og greinilega á leið með að ná sjóþroska. Katadalsáin er heldur kaldari en Tjarnaráin og því fara seiði þaðan seinna til sjávar en seiðin úr Tjarnaránni. Gera má ráð fyrir að um 20% þeirra seiða sem sleppt var 1996 og voru á lífi vorið 1997 hafi gengið til sjávar það sumar, en líklega hafa afföll orðið umtalsverð eftir sleppingu.

Ekki var talið rétt að bæta seiðum í Katadalsá að sinni. Hins vegar var sleppt 3500 sumaröldum laxaseiðum í Tjarnará 31/7 1997. Um 2500 seiðum var dreift á um 1.5 km kafla sem byrjaði um 500 m fyrir neðan Stórhól og náði nokkkur hundruð metra niður fyrir ármótin við Katadalsá. Afganginum, um 1000 seiðum, var dreift á um 2.5 km langan

kafla, frá túngirðingunni við Þorgrímsstaði og fram í vestari kvíslina. Seiðin voru af Miðfjarðararstofni og mjög misstór, frá 4.5-8.5 cm, flest á bilinu 6,5-7,5 cm.


Ályktanir

Of snemmt er að meta hver árangur getur orðið af seiðasleppingum fyrr en eftir 2-3 ár. Mikilvægt er að safnað verði góðum hreistursýnum af veiddum lögum næstu árin, en með greiningu hreistursýna má leggja mat á hvort laxar eigi uppruna sinn í sleppingum eða í náttúruklaki.


Sumarið 1998 legg ég til að aftur verði sleppt u.þ.b. 4000 seiðum í Katadalsá og leiði rafveiðar í ljós að þörf verði á, þá yrði einnig sleppt um 2000 seiðum í neðsta hluta Tjarnarár. Reynt verði að meta árangur aðgerðanna í veiðinni sumurin 1998-2000. Þar með myndi skapast raunhæfur grundvöllur fyrir veiðifélagið til að meta hagkvæmni seiðasleppinga í Tjarnará.

Tafla 1. Fjöldi veiddra laxa- og bleikjuseiða eftir aldri í rafveiðum í Tjarnará 16/7 1997. Staðsetning rafveiðistaða er merkt inn á kort (Mynd 1).


Staður (Nr. og staðsetning)	stærð (m)	Fjöldi seiða á hverja 100 m ²						
		lax				bleikja		
		1+	1+ss/2+	3+	0+	1+	2+	3+
1, framan við Þorgrímsst.	70x5	-	-	-	-	1.1	0.6	0.8
2, við Kofanes	80x7	0.2	-	-	0.5	5.6	0.7	-
2a, 300 m. f.n. fremri brú	25x12	17.0	-	0.3	-	-	-	-
3, við Stórhól	50x8	4.7	2.2	0.5	-	-	-	-
4, fyrir ofan ármót	60x8	0.2	1.4	0.6	-	-	0.4	-
6, við efra vað	35x13	0.2	3.3	0.6	-	-	-	-
8, Katadalsá v/Geststóftir	70x6	-	3.1	-	-	-	-	-



Mynd 1. Yfirlitskort yfir Tjarnará og rafveiðistaði 16. júlí 1997.



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxa-seiða í rafveiðum í Tjarnará 16. júlí 1997



Mynd 3. Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í rafveiðum í Tjarnará 16. júlí 1997.